



Barnaheill

Save the Children Iceland

Alþingi
Erindi nr. P 136/159
Þomudagur 19.11.2008

Reykjavík, 14. nóvember 2008

Nefndasvið Alþingis
b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla, Save the Children, á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19, 12. feb. 1940, með síðari breytingum (upptaka, hryðjuverk, skipulögð brotastarfsemi, mansal og peningabætti).

Barnaheill, Save the Children, á Íslandi taka ofangreindu frumvarpi fagnandi.
Athugasemdir við einstaka liði:

1. gr. frumvarpsins

Varðandi 6. gr. laganna, 19. tölul: Barnaheill leggja til að í stað setningarinnar „*einkum konur og börn,*“ komi: *bæði börn og fullorðna.* Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er barn einstaklingur yngri en 18 ára. Til útskýringar á ofangreindri tillögu okkar má nefna sem dæmi að 18 ára karlmaður telst fullorðinn einstaklingur og ætti því samkvæmt lögum að njóta sömu verndar og 18 ára kona. Barnaheill telja afar mikilvægt að gætt sé að sérstöðu barna og það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt haft að leiðarljósi, ef barn verður fórnarlamb mansals.

7. gr. frumvarpsins

Varðandi 227. gr. laganna: „*Hverjum þeim sem gerist sekur um eftirtalda verknaði, einn eða fleiri, í þeim tilgangi að misnota mann kynferðislega eða til nauðungarvinnu eða til að nema á brott líffæri skal refsa fyrir mansal allt að 8 ár fangelsi*“. Barnaheill telja mikilvægt að skýrt komi fram að um mansal sé að ræða þegar einstaklingur er fluttur milli staða, afhentur, hýstur eða tekið á móti í þeim tilgangi að hafa not af honum, þó engin merki séu um þvingun, blekkingar, valdbeitingu eða annars konar ofbeldi. Verið sé að nota bágar aðstæður fórnarlambins og þá skipti tilgangur í raun ekki máli. Í 35. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er fjallað um brottmál, sölu og verslun með börn. Þar segir að aðildaríki skuli gera allt sem við á til að koma í veg fyrir brottmál barna og verslun með börn í hvaða tilgangi sem er. Hvað börn varðar, þá eru þau líka fórnarlömb mansals ef þau eru fengin til að taka þátt í þjófnaði eða í öðrum glæpum og send í ólöglegar ættleiðingar. Mikilvægt er að, ef í lögum þessum á að skilgreina hvað teljist til mansals, komi ofangreind atriði fram.

Barnaheill telja enn fremur að ekki eigi að skipta út orðunum að *notfæra sér* í að *misnota*. Að mati samtakanna er orðið *notfæra* skýrara og síður hætta á misskilningi.

Barnaheill - Save the Children Iceland - Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík
s. 553 5900 - fax. 553 5960 - barnaheill@barnaheill.is - www.barnaheill.is

Athugasemdir við lagafrumvarpið, 3. kafli, B liður, Evrópusamningur um aðgerðir gegn mansali og íslensk refsilög um mansal.

Í þessum kafla er að finna ákvæði sem fjalla um vernd og aðstoð við fórnarlömb mansals.


Barnaheill, Save the Children, á Íslandi telja að ákvæði um vernd barna og aðgerðir þegar börn eru fórnarlömb mansals þurfi að vera nákvæmari. Barnaheill eru þátttakandi í Evrópuhópi Barnaheilla, Save the Children. Hópurinn hefur verið virkur í umræðunni um mansal og leggur áherslu á eftirfarandi í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna:

- Barn sem er fórnarlömb mansals skal njóta sömu réttinda og önnur börn hvað varðar alla þjónustu og skal staða þess sem innflytjanda vera aukaatriði.
- Það sem barni er fyrir bestu skal alltaf haft að leiðarljósi þegar tekið er á mansali á börnum.
- Barn fái samstundis aðgang að allri þjónustu, félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu og skólum. Það fái áfallahjálp / neyðarhjálp og aðhlyningu og tilsjónarmann meðan á ferlinu stendur.
- Þegar verið er að hafa upp á fjölskyldu barnsins, skal þess gætt að barninu eða fjölskyldu þess sé ekki stefnt í hættu. Barnið skal einungis sent til síns heima, ef tryggar aðstæður og öryggi bíða þess.
- Mikilvægt að barnið sé upplýst og það haft með í ráðum.
- Meginábyrgð er hjá ríkisvaldi/ ríkisstjórn í hverju landi, en áhersla skal lögð á samvinnu stjórnvalda í hverju landi, alþjóðasamtaka og frjálsra félgasamtaka í mótun stefnu og verklagsreglna.
- Hlutverk sveitarfélaga, foreldra og annara sem annast börn er mikilvægt og ennfremur samvinna lögregluvalda, barnaverndaryfirvalda, lögfræðinga og dómara.

Barnaheill, Save the Children leggja ríka áherslu á að barnið sé aldrei ábyrgt fyrir þeim aðstæðum sem það hefur lent í (mansal), né fyrir ákvarðanatöku og lausn mála.

Virðingarfyllst

f.h. Barnaheilla, Save the Children á Íslandi


Petrína Asgeirsdóttir,
framkvæmdastjóri